

AUGLÝSING**um breytingu á gjaldskráum rafveitna.**

Með vísun til samþykktar ríkisstjórnarinnar 31. desember 1980 um efnahagsráðstafanir og samkvæmt 25. gr. orkulaga nr. 58 29. apríl 1967 hefur ráðuneytið staðfest 10% hækkun á gildandi gjaldskráum rafveitna sveitarfélaga frá og með 2. janúar 1981.

Iðnaðarráðuneytið, 2. janúar 1981.

F. h. r.

Páll Flygenring.

Kristmundur Halldórsson.

AUGLÝSING**um breytingu á gjaldskráum hitaveitna.**

Með vísun til samþykktar ríkisstjórnarinnar 31. desember 1980 um efnahagsráðstafanir og samkvæmt 29. gr. orkulaga nr. 58 29. apríl 1967 hefur ráðuneytið staðfest 10% hækkun á gildandi gjaldskráum allra hitaveitna frá og með 2. janúar 1981.

Iðnaðarráðuneytið, 2. janúar 1981.

F. h. r.

Páll Flygenring.

Kristmundur Halldórsson.